

Mál nr. 246/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Vinnuslys við þrif flugvélar 4.12.2015.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttekið 26.7.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 11.8.2017 ásamt upplýsingum um dorsifexion.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu X til V dags. 1.6.2016 kemur fram að M hafi slasast við vinnu sína þegar hún var að stíga út í landgang úr flugvél sem hún var að vinna í við þrif. Í sömu tilkynningu kemur fram sú skýring X að landgangurinn hafi fallið niður eða sigið í stað þess að vera í sömu hæð og þröskuldur flugvélarinnar og hafi þar verið um 30 cm munur frá flugvélinni að landganginum. Einnig kemur fram að X telur að orsakir slyssins hafi verið þær að vélbúnaður virkaði ekki sem skyldi á landgangi og að M hafi verið óvinnufær frá slysdegi til 9.12.2015 vegna afleiðinga slyssins. Slysið var tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins í janúar 2016 en rannsókn fór ekki fram þar sem slysið var ekki tilkynnt þegar það átti sér stað.

M vísar til þess að hún hafi gengið inn í þá flugvél, sem hún var að vinna við þrif á, að aftan en slysið hafi orðið þegar hún var að ganga út úr sömu flugvél að framan. Ekkert hafi verið athugavert við landgang þar þar sem M hafi gengið inn í vélina, en þegar hún gekk út á öðrum stað hafi hún fallið vegna misfellu sem myndast hafi milli flugvélar og landgangs vegna þess að landgangurinn hafði sigið niður. M telur að um vanbúnað hafi verið að ræða sem X ber ábyrgð á og hafi vitneskja verið um þetta á vettvangi þar sem flugliðar hafi þurft að hjálpa aðstoða farþega við að fara út þarna megin í vélinni. Verkstjóri hennar hafi verið á staðnum en ekki varað við aðstæðunum. Einnig vísar M til þess að slys hennar hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins eins og X bar að gera skv. skyldum í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 og verði X því að bera hallann af sönnun atvika. Einnig vísar M til frekari skyldna X sem atvinnurekanda varðandi það að tryggja öryggi starfsmanna sinna skv. lögum nr. 46/1980 t.d. um húsnæði vinnustaða og reglum sem settar eru með stoð í þeim lögum, þar á meðal reglugerð nr. 637/2006 um notkun tækja.

V telur að um óhappatvik hafi verið að ræða sem X beri ekki skaðabótaábyrgð á. V vísar á bug tilvísunum M til laga og reglna um vinnuvernd og telur að ákvæði um vinnustaði eigi ekki við um það starf sem M vann hjá X við þrif á mismunandi flugvélum þar sem starf hennar fólst m.a. í að fara inn og út úr byggingum og flugvélum en ekki að vera á sama staðnum við störf. Einnig vísar V til þess að enginn starfsmaður X hafi vitað af þeirri mishæð sem var, enginn annar hafi fallið um hana og mishæðin hafi ekki verið það mikil að ætla megi að slyshætta hafi verið af henni. Einnig vísar V til þess að landgangur eða svokallaður rani sem festur sé við flugvélar sé í eigu annars fyrirtækis Einnig telur V að málsatvik séu skýr og vanræksla á tilkynningu til Vinnueftirlitsins hafi ekki áhrif á sönnunarstöðu.

Álit.

Í tilkynningu X til V um slys M kemur fram að M var óvinnufær í meira en einn dag auk slysdags. Við þær aðstæður var X skylt að tilkynna um slys hennar til Vinnueftirlits ríkisins skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Samkvæmt dómaframkvæmd hefur vanræksla þeirrar skyldu þau áhrif að framburður M er lagður til grundvallar um atvik málsins og aðstæður á vettvangi slyssins. Þegar tekið er mið af lýsingum M verður að leggja til grundvallar að hæðarmismunur sá sem var milli flugvélar og landgangs í greint sinn hafi verið til þess fallinn að skapa hættu fyrir þá sem þar gengu um og ástæða þess hafi verið bilun í landgangi eða svokölluðum rana, eins og viðurkennt er í skýrslu X til V. Þó umræddur rani hafi verið í eigu annars fyrirtækis verður ekki hjá því litið að starfsemi X felur í sér að starfsmenn fyrirtækisins þurfi að fara um slíkan landgang ítrekað til að sinna störfum

sínum. Verðu heldur ekki litið framhjá því að samstarfsmenn M voru á vettvangi og einhver vitneskja um þá bilun sem var í landganginum öðru megin í vélinni. Telst X því hafa vanrækt að gera nægilega tryggar ráðstafanir til öryggis M í greint sinn og ber skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hennar.

Þegar litið er til háttsemi M telst hún ekki til stórkostlegs gáleysis í skilningi 23.gr.a. skaðabótalaga nr. 50/1993 sem varðar meðábyrgð tjónþola í vinnuslysum. Hún ber því ekki hluta af tjóni sínu sjálf.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. september 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.